

Nd.

492. Frumvarp til laga

[253. mál]

um breyting á þjóðminjalögum nr. 52/1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Við IV. kafla laganna (Friðun húsa og annarra mannvirkja) bætist þrjár nýjar greinar, er verði 39., 40. og 41. gr. og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

39. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist húsafriðunarsjóður. Hlutverk hans er að veita styrki til viðhalds og endurbóta húsa, húshluta og annarra mannvirkja, sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt gildi, og stuðla að friðun húsa.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið einhverjum ríkisbankanna.

40. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs.
2. árlegt framlag sveitarfélaga.
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á ári hverju 20 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 20 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingavísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

41. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m. a. kveðið á um skyldur þeirra, sem fjárframlög fá úr sjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í Þjóðminjalögum, sem sett voru árið 1969 (nr. 52) var kaflinn um húsafriðun að verulegu leyti nýmæli. Fram að því höfðu ekki verið önnur lagaákvæði um byggingavernd en í lögum nr. 40/1907, um verndun fornminja og lögum nr. 8/1947, um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn. Hafði Þjóðminjasafnið annast varðveislu og viðhald allmargra gamalla bygginga og fé verið veitt til þess í fjárlögum. Gamla dómkirkjan á Hólum var fyrst þessara húsa tekin á fornleifaskrá 1924. Síðan bættust við önnur hús einkum hinar gömlu torfkirkjur og torfbærir og í seinni tíð timburkirkjur frá síðustu öld og gömul steinhús. Yfirleitt er hér um að ræða hús, sem hætt var að nota.

Með ákvæðum húsafriðunarkafla Þjóðminjalaga var ráðgert að auka byggingavernd í landinu og hafa allmargar byggingar sem hafa menningarsögulegt gildi verið friðlýstar. En friðlýsingar geta haft allmikinn kostnað í för með sér, bæði sem bætur til eigenda og vegna viðgerða, viðhalds og varðveislu bygginga.

Alþingi hefur í ýmsum tilvikum veitt fé í fjárlögum til viðgerða og viðhalds merkra bygginga, svo sem kirkna, þegar söfnuðir eða aðrir umráðaaðilar hafa ekki haft fé til að standa einir straum af kostnaðinum.

Æskilegt er að koma þessum málum á fastari grundvöll og mynda sérstakan sjóð, húsafriðunarsjóð, sem húsafriðunarnefnd veiti fé úr í sambandi við þær húsafriðunarákvarðanir, sem teknar eru.

Árið 1975 er helgað byggingavernd samkvæmt ályktun Evrópuráðsins á sama hátt og árið 1970 var náttúruverndarár. Munu þá vafalaust ýmsar þjóðir Evrópu efla þennan menningarþátt og húsaveynd og húsafriðun verða nokkuð í sviðsljósi.

Menntamálaráðuneytið fór fram á 5 milljónir króna við samningu gildandi fjárlaga, er skiptast skyldu á 2 ár, til framkvæmda í tilefni „byggingaverndarársins“, en fé var eigi veitt að því sinni.

Æskilegt verður að teljast að nokkurt fé sé jafnan tiltækt til að standast kostnað við ákvarðanir um húsafriðun og líklegt að húsafriðunarnefnd næði betri árangri, ef hún hefði yfir ákveðnu fjármagni að ráða og hagaði friðunartillögum sínum og framkvæmdum í samræmi við það.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins myndi húsafriðunarsjóður fá árlega í tekjur 8—9 milljónir króna, og væri unnt að vinna skipulega að þessum málum, ef þau fjárráð væru tryggð.